

**Ed.**

**276. Nefndarálit**

[150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka til viðræðu um efni þess. Frumvarpið er mjög hliðstætt því frumvarpi sem samþykkt var á síðasta þingi. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á því sem undirritaðir telja til bóta í ljósi reynslunnar. Aðrar breytingar teljum við hreina fjarstæðu, t. d. þá að lögin gildi næstu þrjú árin. Í nefndinni náðist fullt samkomulag um að stytta gildistímamann í eitt ár.

Fram kom í nefndinni sú skoðun að ástæðulaust væri að hafa allar fisktegundir háðar aflamarki. Tilgangur frumvarpsins væri að takmarka þorskveiðar og því ástæðulaust að hafa allar fisktegundir háðar aflamarki og eðlilegt að binda aflamark við þá fisktegund.

Einnig komu vandamál smábátaeigenda mjög til umræðu. Voru nefndarmenn sammála um nauðsyn sveigjanleika hvað varðar veiðiheimildir þeirra.

Þrátt fyrir ákvörðun minni hl. nefndarinnar að standa að breytingartillögum, sem gera frumvarpið skárri, eru undirritaðir andvígir frumvarpinu í heild og leggja til að það verði fellt. Sú afstaða byggist í fyrsta lagi á þeirri miðstýringu sem felst í frumvarpinu þar sem dagnaður og framtak einstaklinga er heft meira en góðu hófi gegnir. Það vakti sérstaka athygli undirritaðra hve fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru ákveðnir í að viðhalda þeirri óheftu miðstýringu sem átt hefur sér stað allt þetta ár. Í öðru lagi teljum við það rangt að fela ráðherra að marka aðalatriði fiskveiðistefnu. Sú stefnumörkun á að vera Alþingis. Í þriðja lagi er reynslan af þessu fyrirkomulagi slík að ekki er hægt að mæla með framlengingu þess.

Undirritaðir nefndarmenn munu flytja breytingartillögur á sérstöku fylgiskjali sem miða að því að bæta úr ágöllum frumvarpsins.

Alþingi, 11. des. 1984.

Karl Steinar Guðnason,  
fundaskr., frsm.

Skúli Alexandersson.

Stefán Benediktsson.